



# FUNDUR FÓLKSINS 2016

---

2.–3. SEPTEMBER  
Í NORRÆNA HÚSINU


---

DAGSKRÁ

FUNDURFOLKSINS.IS



# Kort af svæðinu



# Pátttakendur

## A

- ADHD-samtökin 32
- AFS á Íslandi 6, 9, 18, 22
- Afstaða, félag um betrun 25
- Almannaheill 9, 19, 27
- Alþjóðamálastofnun HÍ 9
- Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) 6, 9, 18
- Alþýðufylkingin 33
- Alþýðusamband Íslands 18, 30
- Átak – félag fólks með þroskahömlun 10, 25, 32

## B

- Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) 7, 9, 23
- Barnaheill – Save the Children á Íslandi 32
- Björt framtíð 33
- Blindrafélagið 12

## D

- Díamat 17
- Dögun 7, 14, 25, 33

## E

- Einhverfusamtökin 32

## F

- Félag lýðheilsufræðinga 16
- Félag Sameinuðu þjóðanna 32
- FJÖLÍS 6, 24
- Fjölmiðlanefnd 12
- Flokkur fólksins 33
- Fræði og fjölmennig 9
- Framsóknarflokkurinn 33
- Fundur Fólksins 3, 5, 19, 27, 33

## G

- Geðhjálp 27, 28, 32
- Grái herinn 33

## H

- Hagsmunasamtök heimilanna 24
- Heilsufræðifélag Íslands 16
- Heimili og skóli - SAFT 17
- Hjálparstarf kirkjunnar 15
- Hjartavernd 32
- Húmanistaflokkurinn 17, 33

## I

- Íslenska þjóðfylkingin 33

## J

- Jákvæðar hugsanir 10, 25, 32
- Jarðvísindadeild HÍ 30
- Junior Chamber International (JCI) 32

## K

- Kennarasamband Íslands 5, 19
- Krabbameinsfélag Íslands 8
- Kvenréttindafélag Íslands 29

## L

- Landssamband æskulýðsfélaga 26
- Landssamtök hjólréiðamanna 21, 33
- Landssamtökin Þroskahjálp 12, 25, 27, 32
- Landvernd 13, 32
- LarsEn Energy Branding 26
- Listaháskóli Íslands 29
- List án landamæra 32

## M

Mannvirkjastofnun 15

Matvæla- og næringarfræðafélagið 16

Með okkar augum 10, 25, 32

Mið-Austurlandafraði við HÍ 10

MYNDSTEF 6, 24

## N

Neytendasamtökin 21, 33

Norðurlönd í fokus 6, 11, 13, 16, 18, 19, 20, 27

Norræna félagið 22, 26, 28

## O

Öryrkjabandalag Íslands 8, 18, 32

## P

París 1,5 14

Pepp hópur EAPN 15

Persónuvernd 11

Píratar 30, 31, 33

## R

Rannsóknamiðstöð ferðamála 22

Rauði krossinn 20

Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) 6, 24

Rödd náttúrunnar 31

## S

SÁÁ 7, 8

Samband flytjenda og  
hljómplötuframleiðenda (SFH) 6, 24

Samband íslenskra  
kvikmyndaframleiðenda (SIK) 6, 24

Samfylkingin 33

Samstarfsnefnd háskólastigsins 19

Samtökin '78 22, 23

Samtök kvenna af erlendum uppruna 33

Samtök sykursjúkra 33

Sendiherrar samnings Sameinuðu  
þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 29

Siðfræðistofnun HÍ 27

Siðmennt 33

Sjálfstæðisflokkurinn 33

Sjónarhóll – ráðgjafamiðstöð ses 32

SLOW FOOD 5

Starfsgreinasamband Íslands 18, 30

STEF 6, 24

Stjórnarskrárfélagið 33

Stjórnmalaflokkar 8, 11, 14, 17, 24, 26, 28,  
29, 30

## U

UNICEF 5, 13

## V

Viðreisn 14, 33

Vinstrihreyfingin - grænt framboð 33

Vistbyggðarráð 16, 23

## X

X Hugvit 22

# FÖSTUDAGUR

## 2. SEPTEMBER

9:00–10:30 — SALUR

**SKÓLI FYRIR ALLA – VELFERÐ  
OG AÐSTÆÐUR BARNNA OG  
UNGMENNA. FÁTÆKT OG  
ERLENDUR UPPRUNI.**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**

**KENNASAMBAND ÍSLANDS**

*Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hjördís Eva Þórðardóttir, réttindafræðslufulltrúi hjá UNICEF á Íslandi. Krístrún Sigurjónsdóttir, deildarstjóri móttökudeildar, Lækjarskóla, Hafnarfirði. Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Barnaheillum. Nichole Leigh Mosty, leikskólastjóri í leikskólanum Ösp, Reykjavík. Nína Helgadóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. Steinunn Björk Ragnarsdóttir, framhaldsskólakennari í Tækniskólanum. Fundarstjóri: Þórður Á. Hjaltested formaður Kennarasambands Íslands.*

Í lögum og námskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lögð áhersla á skóla fyrir alla og velferð barna og ungmenna. Fjöldi barna sem býr við skort á mikilvægum sviðum hefur rúmlega tvöfaldast á tímabilinu frá 2009 til 2014. Hver er reynsla þeirra sem sinna börnum og ungmennum sem standa höllum fæti í samfélaginu? Hvað þarf að gera og hvernig

til að tryggja öllum börnum og ungmennum menntun óháð efnahagslegri/félagslegri stöðu og uppruna? Hver er vandinn? Hvaða lausnir? Hverra er ábyrgðin?

11:00-11:30 — STJÓRN MÁLABÚÐIR  
**VERTU MEÐ OG SEGÐU ÞÍNA  
SKOÐUN!**

**SETNINGARHÁTÍÐ**

**FUNDUR FÓLKINS**

*Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ásamt fulltrúum Fundar fólksins.*

Ávörp og létt spjall! Listamaðurinn Curver framkvæmir gjörning.

11:30–13:00 — UMRÆÐUTJALD 2  
**DISKÓSÚPA**

**ELDA SAMAN**

**SLOW FOOD**

*Allir sem geta skrælt, skorið eða hrært. Diskósúpustjóri: Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari*

Allir sem vilja taka þátt og skræla og skera grænmeti sem annars ætti að henda og úr verður hins magnaðasta súpa sem við borðum saman undir dúndrandi takti Atla Viðars skífuþeytis. Bragðgóð leið til þess að tala um matarsóun og reyna að finna leiðir til að sporna við henni.

ATH. Viðburðurinn fer fram á alþjóðlegu máli matarlystar og músíkur.

12:00 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## UPPTAKTUR KOSNINGA

PALLBORÐSUMRÆÐUR

FORYSTUMENN STJÓRN MÁLAFLOKKANA

12:00–12:50 — SALUR

## KASSETTUGJALDIÐ – FRAMTÍÐ HÖFUNDARÉTTAR

OPINN UMRÆÐUFUNDUR

STEF, SFH, RSÍ, SÍK, MYNDSTEF OG FJÖLÍS

*Fulltrúar allra þingflokka á Alþingi ásamt Jakobi Frimanni Magnússyni, formanni STEFs, Helgu Sigrúnu Harðardóttur, framkvæmdastjóra FJÖLÍS, Ragnari Th. Sigurðssyni, formanni MYNDSTEFs, Ragnheiði Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra RSÍ, og Tómasi Porvaldssyni, lögmanni SÍK. Fundarstjóri: Kolbrún Halldórsdóttir, forseti BÍL.*

Verulegar breytingar í tækni umhverfi og aukið aðgengi að höfundarréttarvörðu efni hafa kallað á umræður um hvernig höfundarrétturinn verður varinn í þessu nýja umhverfi. Í því sambandi hefur t.d. ekki verið breytt ákvæðum höfundalaga um eintakagerð til einkanota þrátt fyrir að eintakagerð eigi sér nú aðallega stað í snjallsímum og spjaldtölvum. Viðstöddum gefst kostur á að koma að spurningum til bæði stjórnmalamanna og annarra þátttakenda í pallborðsumræðum.

13:00-13:30 — KYNNINGARTJALD 3

## KYNNING Á SAMTÖKUNUM AFS OG AUS

KYNNING

AFS Á ÍSLANDI OG ALÞJÓÐLEG  
UNGMENNASKIPTI (AUS)

*Dagný Sveinbjörnsdóttir, formaður AUS, Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri AFS á Íslandi og Alma Dóra Ríkharðsdóttir, formaður Reykjavíkurseildar AFS*

13:00–13:50 — SALUR

## ÞJÓÐERNISHYGGJA OG POPÚLISMI Á NORÐURLÖNDUM

PALLBORÐSUMRÆÐUR

NORÐURLÖND Í FÓKUS

*Bengt Lindroth, sænskur blaðamaður og rithöfundur, Philip Flores, blaðamaður á danska vefmiðlinum Zetland, Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, og Sema Erla Serdar, formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi. Fundarstjóri: Sigurður Ólafsson, verkefnastjóri Norðurlanda í fókus.*

Mikið hefur verið rætt um uppgang þjóðernisflokka á Norðurlöndum á undanförunum árum. Ýmislegt sameinar þessa flokka en margt er þó ólíkt með þeim og sögulegum rótum þeirra. Sænski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Bengt Lindroth sendi nýverið frá sér bókina „Väljarnas hämnd“ um uppgang þessara flokka á Norðurlöndum. Hann segir frá efni

hennar á Fundi Fólksins. Í kjölfarið verða pallborðsumræður þar sem íslenskir fulltrúar taka þátt og ræða það meðal annars hvort líkur séu á því að viðlíka öfl nái fótfestu í íslenskum stjórnámum. ATH. Dagskráin fer fram á ensku.

13:00–13:50 — AALTO

## LISTAMENN ERU LÍKA „AÐILAR VINNUMARKAÐARINS“

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

#### BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA (BÍL)

*Fulltrúar frá Bandalagi háskólamanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Rannís og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.*

Störfum í list- og menningargeiranum fjölga hraðar en störfum í öðrum geirum atvinnulífsins. Sex milljónir Evrópubúa starfa við skapandi greinar eða tæp 3% vinnuafldsins. Listamenn og hönnuðir sinna 30% starfa innan menningargeirans og stór hluti afleiddra starfa byggir á verkum þeirra. En hvar standa listamenn í vinnnumarkaðslegu tilliti? Eru þeir þátttakendur í samtali stjórnvalda og „aðila vinnnumarkaðarins“ um kaup og kjör í landinu? Og er horft til þeirra í tengslum við rannsóknir, nýsköpun og frumkvöðlastarf?

13:00–13:50 — GRÓÐURHÚS  
**SAMFÉLAGSBANKI**

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

#### DÖGUN

*Helga Þórðardóttir, Hólmsteinn Brekkan. Fundarstjóri: Markús Þórhallsson.*

Það er ekki náttúruleg mál að banki sé rekinn í hagnaðarskyni samkvæmt gildandi túlkun á Íslandi þar sem einkarekstur felst í fákeppni og að hámarka fjárhagslegan afrastur til eigenda án tillits til hvaða áhrif það hefur á samfélagið.

Til eru valkostir um banka sem ekki eru reknir með þessum hætti og grundvallast á þeim arði sem felst í sjálfbærri hagsæld, öryggi og velmegun félagsmanna – viðskiptavina til hagsbóta fyrir samfélagið.

13:00–13:50 — UMRÆÐUTJALD 1

## SÁÁ – ÍSLENSKA LEIÐIN

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

#### SÁÁ

*Valgerður Rúnarsdóttir, læknir, sérfræðingur í fíknlækningum, dr. Ingunn Hansdóttir, sálfræðingur, Erla Björg Sigurðardóttir, Cand. mag. í þjóðfélagsfræði og félagsráðgjafiMA. Fundarstjóri: Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ.*

Hagnýting á þekkingu vísindasamfélagsins er forsenda

frampróunar og framfara á sviði forvarna og meðferðar fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga en meðferð SÁÁ er einmitt byggð á traustri þekkingu á sviði heilbrigðisvísinda. SÁÁ býður gestum á Fundi Fólksins upp á kynningu og samtal um orsakir og afleiðingar hins líffræðilega, sálræna og félagslega vanda sem einkennir fíknsjúkdóminn.

13:00–13:50 — KYNNINGARTJALD 1

## SKOPLÉG HLIÐ Á BETRA SAMFÉLAGI – ÖBÍ

LISTRÆNN FYRIRLESTUR  
ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

*Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands og Rán Flygenring, teiknari.*

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, kynnir fjölbreytta og viðamikla starfsemi ÖBÍ. Kynningunni verður myndlýst af teiknararum Rán Flygenring. Hún teiknar myndir út frá máli Ellenar og setur fram á fræðandi en um leið skoplegan hátt.

13:00–13:20 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

SAMTAL  
STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við stjórn málamann*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

13:20–13:50 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

SAMTAL  
STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við stjórn málamann*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

13:30–14:20 — UMRÆÐUTJALD 2

## ER RAUNHÆFT AÐ FÆKKA KRABBAMEINSTILFELUM UM ALLT AÐ HELMING?

PALLBORÐSUMRÆÐUR  
KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS

*Sirry (Sigríður Arnardóttir fjölmiðlakona) spjallar við Láru G. Sigurðardóttur, lækni og fræðslustjóra Krabbameinsfélagsins, og fleiri góða gesti.*

Rannsóknir sýna að koma má í veg fyrir um helming krabbameina. Lífshættir spila þar stórt hlutverk og hafa stjórnvöld, atvinnurendur, fjölmiðlar og markaðsöflin mikil áhrif á lífsstíl okkar. Á endanum erum það þó við sem berum ábyrgð á okkar eigin lífsstíl. Enginn einn breytir áhættu okkar á að fá krabbamein en við sem samfélag getum skapað umhverfi sem gerir okkur auðveldara að taka ákvarðanir sem leiða til heilbrigðs lífs og hjálpar þeim sem veikst hafa að ná aftur heilsu.



14:00-14:30 — KYNNINGARTJALD 3

## VINNUSMIÐJA UM VIRKA SAMFÉLAGSPJÓNUSTU (ACTIVE CITIZENSHIP)

KYNNING

**AFS Á ÍSLANDI OG ALÞJÓÐLEG UNGMENNASKIPTI (AUS)**

*Steinunn Ása Sigurðardóttir*

14:00–14:50 — SALUR

## ÞRIÐJA LEIÐIN AÐ VELFERÐ

MÁLÞING

ALMANNAHEILL

*Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðgjafi, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur og fleiri stjórnáráðgjafar.*

*Fundarstjóri: Ketil Berg Magnússon, formaður Almannaheilla — samtaka þriðja geirans.*

Almannaheillafélög og velferðarsköpun. Nýlegar hugmyndir um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu hafa kallað fram fremur tvíþolaða umræðu um val á milli einkareksturs eða opinbers reksturs. Hér ræðum við þriðju leiðina, um hlutverk almannaheillasamtaka, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, við sköpun velferðar.

14:00–14:50 — AALTO

## HVAR ER MENNINGARSTEFNA STJÓRN MÁLAFLOKKA?

PALLBORÐSUMRÆÐUR

**BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA (BÍL)**

*Fulltrúar stjórnáráðgjafanna sem hyggjast bjóða fram í Alþingiskosningum í haust.*

Alþingi samþykkti menningarstefnu í fyrsta sinn 7. mars 2013. Flest sveitarfélög setja sér menningarstefnu og hefur Reykjavík rutt brautina þar sem borgaryfirvöld samþykktu fyrstu formlegu menningarstefnuna 2001. Landshlutasamtök sveitarfélaga gera samning við ríkið um framlög til menningarmála á grundvelli menningarstefnu. En hvernig er háttað stefnumótun stjórnáráðgjafanna í menningarmálum? Hafa stjórnáráðgjafarnir, sem bjóða fram krafta sína og hugmyndir til að stjórna ríki og sveitarfélögum, sett sér menningarstefnu?

14:00–14:50 — GRÓÐURHÚS

## VANNÝTT AUÐLIND: MENNTUN INNFLYTTJENDA OG FLÓTTAFÓLKS

PALLBORÐSUMRÆÐUR

**ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÍ OG FRÆÐI OG FJÖLMENNING**

*Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, Ína Dögg Eypórsdóttir, verkefnisstjóri hjá ENIC/NARIC matsskrifstofu*

*Háskóla Íslands, og Barbara Kristvinsson, ráðgjafi innflytjenda hjá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Fundarstjóri: Þorsteinn Víglundsson, fyrrv. framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.*

Er menntun og starfsreynsla innflytjenda og flóttafólks sem kemur hingað til lands nýtt sem skyldi? Unnur Dís Skaptadóttir fjallar um atvinnutækifæri innflytjenda og flóttafólks á Íslandi út frá rannsóknum sínum. Ína Dögg Eypórsdóttir kynnir hvernig menntun innflytjenda og flóttafólks er metin innan Háskóla Íslands og Barbara Kristvinsson fjallar um reynslu innflytjenda og hugmyndir að úrbótum út frá starfi hennar sem ráðgjafi innflytjenda.

14:00–14:50 — KYNNINGARTJALD 1  
**STOLTGÖNGUR, ÞURFUM VIÐ Á ÞEIM AÐ HALDA?**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**  
**ÁTAK – FÉLAG FÓLKS MEÐ PROSKAHÖMLUN**

*Proskapjálfar og forsvarsfólk Átaks. Fundarstjóri: Steinunn Ása úr sjónvarpsþáttunum Með okkar augum.*

Hópur útskrifaðra nemenda úr þroskajálfun gerði lokaverkefni sem fól í sér rannsókn á stoltgöngum. Rannsóknarspurning nemanna var: Hvaða áhrif hafa stoltgöngur fyrir minnihlutahópa? Nemarnir eiga létt spjall við gesti um rannsóknina, stoltgöngur og

gönguna okkar sem gengin verður á laugardeginum. Er almennt séð þörf á slíkri göngu?

14:00–14:50 — KYNNINGARTJALD 2  
**JÁKVÆÐNIN, TRÚIN OG GILDIN**

**UMRÆÐUR**  
**JÁKVÆÐAR HUGSANIR**

*Sr. Skúli Sigurður Ólafsson. Fundarstjóri: Guðni Karl Harðarson, Jákvæðum hugsunum.*

Samtal og spurningar úr sal.

14:00–14:50 — UMRÆÐUTJALD 1  
**KÚRDAR Í ELDLÍNUNNI: AFSTAÐA ÍSLANDS OG ALPJÓÐASAMFÉLAGSINS**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**  
**MIÐ-AUSTURLANDAFRÆÐI VIÐ HÍ**

*Susan Rafik Hama, Salah Karim, Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra eða fulltrúi ráðuneytis hennar, Þórir Jónsson Hraundal. Fundarstjóri: Staðfestur síðar.*

Kúrdar hafa verið í sviðsljósinu í báraáttunni við DAESH (ISIS) í Mið-Austurlöndum undanfarið. Á 9. áratugnum voru Kúrdar hins vegar fórnarlömb ítrekaðra áraása Saddams Hussein, þá leiðtoga Íraka, sem notaði meðal annars efnavopn í herferð sinni. Undanfarið er í sífellt auknum mæli farið að ræða um þessa atburði sem þjóðarmorð og nokkur ríki hafa þegar staðfest að um slíkt hafi verið að ræða, svo sem Svíþjóð, Noregur og Bretland.

Hvernig er afstaða Íslands til málefna Kúrda, hvaða máli skiptir rödd okkar í slíkum málum?

14:00–14:50 — NORRÆNA TJALDIÐ

## FRAMHALDSUMRÆÐUR UM ÞJÓÐERNISHYGGJU OG POPÚLISMA Á NORÐURLÖNDUM

UMRÆÐUR

### NORÐURLÖND Í FÓKUS

*Bengt Lindroth, sænskur blaðamaður og rithöfundur, Philip Flores, blaðamaður á danska vefmiðlinum Zetland og Sema Erla Serdar, formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi. Fundarstjóri: Sigurður Ólafsson, verkefnastjóri Norðurlanda í fókus.*

Umræður um þjóðernishyggju og popúlisma á Norðurlöndum halda áfram í Norræna tjalduinu. Við beinum nú frekari sjónum að Íslandi og hvort svipuð þróun sé í vændum hér og á hinum Norðurlöndunum. ATH. Dagskráin fer fram á ensku.

14:00–14:20 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

SAMTAL

### STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

14:30–14:50 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

SAMTAL

### STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

14:30–15:20 — UMRÆÐUTJALD 2

## ER VERIÐ AÐ SELJA MIG Á NETINU?

PALLBORÐSUMRÆÐUR

### PERSÓNUVERND

*Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, Helgi Hrafn Gunnarsson alþingismaður og Jökull Sólberg Auðunsson, meðstofnandi frumkvöðlafyrirtækisins Takumi. Fundarstjóri: Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.*

Umbylting hefur orðið í því hvernig hægt er að nálgast persónuupplýsingar, greina þær og kortleggja venjur einstaklinga – og gera þær þar með að verðmætri söluvöru. Hvað verður um upplýsingar okkar sem safnað er yfir Netið á samfélagsmiðlum, með öppum, snjalltækjum og öðrum staðsetningartækjum? Hver er réttur einstaklinga í þessu sambandi og hvað er hægt að gera ef brotið er á réttindum þeirra?"

15:00–15:50 — SALUR

## HATURSORÐRÆÐA Í FJÖLMÍÐLUM

PALLBORÐSUMRÆÐUR

FJÖLMÍÐLANEFND

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokksins, Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kolbeinn Tumi Daðason, aðstoðarritstjóri 365 miðla, Uglu Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, fræðslustýra Samtakanna 78 og formaður Trans-Ísland, Unnsteinn Manúel Stefánsson, tónlistar- og fjölmiðlamaður. Fundarstjóri: Arna Schram.*

Hatursorðræða er vaxandi vandamál og birtist meðal annars í athugasemdakerfum fjölmiðla og á samfélagsmiðlum. Af hverju færast hatursorðræða í aukana og að hverjum beinist hún? Af hverju skiptir máli að berjast gegn hatursorðræðu og hverjar geta verið afleiðingar þess að gera það ekki? Hvað þýðir tjáningarfrelsið – má fólk ekki tjá sig eins og því sýnist í lýðræðissamfélögum?

15:00–15:50 — AALTO

## STAFRÆNT AÐGENGI – HVAD ER ÞAÐ OG SKIPTIR ÞAÐ EINHERJU MÁLI?

GAGNVIRKT SAMTAL

BLINDRAFÉLAGIÐ

*Rósa María Hjörvar, varaformaður Blindrafélagsins, vefstjórar,*

*sérfræðingar og áhugafólk í aðgengismálum.*

Gagnvirt samtal við fagaðila og áhugafólk um mikilvægi þess að efni á Netinu sé öllum aðgengilegt. Fólk sem reiðir sig á stafrænt aðgengi er m.a. blint og sjónskert fólk, lesblint fólk og aldrað sem er orðið sjóndapurt án þess að vera endilega blint eða sjónskert.

15:00–15:50 — KYNNINGARTJALD 1

## LÍFSSÖGUR FÓLKS MEÐ ÞROSKAHÖMLUN

PALLBORÐSUMRÆÐUR

LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLÞ

*Haraldur Ólafsson, María Hreiðarsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir. Fundarstjóri: Friðrik Sigurðsson.*

Í tilefni af 40 ára afmæli Landssamtakanna Þroskahjálpar létu þau gera heimildarmyndina Halli sigurvegari, mynd sem lýsir einstökum manni og lífshlaupi hans.

Guðrún Stefánsdóttir, doktor í fötlunarfræðum og höfundur bókarinnar Ég hef svo mikið að segja, lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld, mun ásamt Halla og Maríu Hreiðarsdóttur sem þekkt er fyrir baráttu sína fyrri réttindum fólks með þroskahömlun ræða um lífshlaup og reynsluheim fólks með þroskahömlun. Heimildarmyndin Halli Sigurvegari, lífssaga fatlaðs manns, verður sýnd í tjaldinu eftir

panelumræður.

15:00–15:50 — KYNNINGARTJALD 2

## HÁLENDI OG NÁTTÚRA ÍSLANDS

### SPURNINGAKEPPNI

#### LANDVERND

*Stjórnámálamenn. Fundarstjóri: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Landvernd.*

Landvernd ræðir við gesti og gangandi um hálendi og náttúru Íslands og býður þeim m.a. að taka þátt í æsispennandi spurningakeppni. Einnig verða hugmyndir um hálendisþjóðgarð kynntar en það verkefni snýr að sameiginlegri sýn fjölmargra samtaka í náttúruvernd og útivist og Samtaka ferðabjónustunnar, um verndun miðhálandis Íslands.

15:00–15:50 — UMRÆÐUTJALD 1

## BARNVÆN SVEITAFÉLÖG OG BARNASÁTTMÁLI SP

### KYNNING

#### UNICEF

*Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastýra barnvænna sveitarfélaga, UNICEF, og Elísabet Gísladóttir, lögfræðingur hjá Umboðsmanni barna.*

Barnvæn sveitarfélög er verkfærakista og líkan sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stjórnarsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Hugmyndafræði

Barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim frá 1996.

Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi sveitarfélagsins.

15:00–15:50 — NORRÆNA TJALDIÐ

## ALLIR ÞURFA ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ – HVAÐ GETA ÍSLENDINGAR LÆRT AF ÖÐRUM NORÐURLÖNDUM UM HALDBÆRA HÚSNÆÐISPÓLÍTÍK?

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

#### NORÐURLÖND Í FÓKUS

*Eygló Harðardóttir, ráðherra húsnæðismála og norræns samstarfs, Elín Hirst, alþingismaður og fulltrúi í Norðurlandaráði, og Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur. Fundarstjóri: Tryggvi Fellixson, aðalráðgjafi á skrifstofu Norðurlandaráðs.*

Hver er reynsla Norðurlandanna, hverjar eru úrlausnir þeirra í húsnæðismálum og hvernig getum við lært af þeirra reynslu?

15.00–15:20 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## **SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN**

**SAMTAL**

### **STJÓRN MÁLAFLOKKAR**

*Samtal blaðamanns við  
stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um  
málefni líðandi stundar.

15:30–15:50 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## **SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN**

**SAMTAL**

### **STJÓRN MÁLAFLOKKAR**

*Samtal blaðamanns við  
stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um  
málefni líðandi stundar.

15:30–16:20 — UMRÆÐUTJALD 2

## **BARA EIN JÖRÐ**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**

**PARÍS 1,5, BARÁTTUHÓPUR UM AÐ  
ÍSLAND GERI SITT TIL AÐ STÖÐVA  
HLÝNUN JARÐAR VIÐ 1,5°.**

*Stefán Gíslason  
umhverfisfræðingur frá Environice.  
Í umræðunum taka þátt Birgitta  
Jónsdóttir frá Pírötum, Katrín  
Jakobsdóttir frá Vinstri grænum,  
Óttar Proppé frá Bjartri framtíð,  
Líneik Anna Sævarsdóttir  
frá Framsóknarflokknum  
ásamt fulltrúum frá Viðreisn,  
Alþýðufylkingunni, Flokki fólksins,*

*Döggun og Þjóðfylkinginni. Þátttaka  
af hálfu Sjálfstæðisflokksins og  
Samfylkingarinnar hefur ekki  
verið staðfest. Fundarstjóri: Eyþór  
Eðvarðsson frá París 1,5.*

París 1,5 stendur fyrir umræðufundi um aðgerðir í loftslagsmálum. Þetta er brýnasta mál samtímans og ætti að vera hafð yfir allar línur stjórn málaflokkanna. Dýrmætum tíma hefur verið sóað í aðgerðaleysi. Afleiðingarnar eru sjáanlegar, m.a. í súrnun sjávar, hækkun yfirborðs sjávar, hækkun hitastigs og bráðnun jökla. Það er kominn tími á alvöru stefnu og öflugar aðgerðir. Við sem þjóð erum eftirbátar þeirra þjóða sem við berum okkur saman við, sem dæmi þá ætla Norðmenn að banna allar bifreiðar sem aka á jarðefnaeldsneyti árið 2025. Svíþjóð vinnur að fullum krafti að því að verða kolefnishlutlaust árið 2035. Á fundinum mun Stefán Gíslason umhverfisfræðingur fara yfir það mikilvægasta sem við sem þjóð gætum gert til að takast á við loftslagsvandann. Auk hans munu fulltrúar stjórn málaflokkanna verða spurðir að því sem þeir telja brýnt að gera.

16:00–16:50 — SALUR

## HVERNIG Í FJANDANUM Á UNGT OG EFNAMINNA FÓLK AÐ Hafa efni á að EIGNAST ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ — SÆMILEGT AÐ GÆÐUM?

**PALLBORÐSUMRÆÐUR  
MANNVIRKJASTOFNUN**

*Eygló Harðardóttir  
húsnæðismálaráðherra, Guðrún  
Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri  
Búseta, Sigrún Birgisdóttir,  
deildarforseti hönnunar-  
og arkitektúrdeildar LHÍ,  
Björn Karlsson, forstjóri  
Mannvirkjastofnuna, r og Yvonne  
Svensson, sérfræðingur hjá  
Boverket í Svíþjóð. Fundarstjóri:  
Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður  
Samtaka iðnaðarins.*

Mjög erfitt er fyrir ungt fólk að fá viðeigandi íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu. Sumir segja að hár byggingarkostnaður sé helsti vandinn og lausnin sé einföldun regluverks byggingariðnaðarins. Aðrir segja meginorsökina vera mjög háa vexti á íbúðalánum, hátt lóðaverð, kröfur um bílastæði í kjallara og ýmsa slíka þætti. Hvað er til ráða? Hvernig stöndum við í lappirnar gagnvart ungu og efnaminna fólki í húsnæðisleit? ATH. Fundurinn fer fram á íslensku og ensku.

16:00–16:50 — AALTO

## FÁTÆKTARKLÁM? UMFJÖLLUN FJÖLMIÐLA UM FÁTÆKT. SAMTAL MILLI ÞEIRRA SEM SAGT ER FRÁ OG ÞEIRRA SEM SEGJA FRÁ.

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**

**PEPP HÓPUR EAPN (EVRÓPSKT  
TENGLANET FÓLKS SEM BÝR VIÐ  
FÁTÆKT) Á ÍSLANDI OG HJÁLPARSTARF  
KIRKJUNNAR**

*Laufey Ólafsdóttir,  
samhæfingarstjóri Pepp,  
Gunnar Smári Egilsson,  
útgefandi Fréttatímans, Lóa Pind  
Aldísardóttir, dagskrárgerðarmaður  
á Stöð 2, Porkell Porkelsson (Keli)  
ljósmyndari, Sædís Arnardóttir,  
félagsráðgjafi Hjálparstarfs  
kirkjunnar. Fundarstjóri: Vilborg  
Oddsdóttir, félagsráðgjafi  
Hjálparstarfs kirkjunnar.*

Samtal fólks sem býr við eða hefur búið við fátækt ræðir við fjölmiðlafólk um hvernig fjölmiðlar fjalla um fátækt, hvers vegna og hvort og hvernig mætti gera betur. Hvernig myndi fólk sem býr við fátækt vilja að rætt væri um það og aðstæður þess? Hlustar fólk ekki nema ákveðið sjónarhorn sé haft í umfjöllun? Er hægt að fjalla af meiri nærgætni við og virðingu fyrir fólki í erfiðum aðstæðum án þess að almenningur hætti að nenna að hlusta?

16:00–16:50 — GRÓÐURHÚS

## METRAR Á MANN

PALLBORÐSUMRÆÐUR

VISTBYGGÐARRÁÐ

*Meðal þátttakenda í umræðum eru: Elín Vignisdóttir, landfræðingur hjá Verkís og formaður Vistbyggðarráðs, Hrólfur Karl Cela, arkitekt hjá Basalt arkitektum, Eva Dís Þórðardóttir, skipulagsfræðingur hjá EFLU, Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt á Teiknistofunni Tröð, Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta, og Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, orku- og umhverfisverkfræðingur. Fundarstjóri: Staðfestur síðar.*

Vistbyggðarráð sem vinnur að því að efla vistvæna byggð, draga úr neikvæðum, umhverfisáhrifum hins byggða umhverfis og auka lífsgæði fólks, vill með þátttöku sinni á Fundi Fólksins ræða hugmyndina um hentugt og vistvænt húsnæði og fá fólk og ráðamenn til að velta fyrir sér kostum þess að byggja hagkvæmt og nýta rými vel, án þess að slá af kröfum um vandaða hönnun og gott efnisval.

16:00–16:50 — UMRÆÐUTJALD 1

## MÁLÞING UM SYKURSKATTINN

MÁLÞING

FÉLAG LÝÐHEILSUFRÆÐINGA, MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐAFÉLAGIÐ OG ÍPRÓTTA- OG HEILSUFRÆÐIFÉLAG ÍSLANDS

*Tryggvi Þorgeirsson, læknir og lýðheilsufræðingur, Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra (óstaðf), og Birgir Jakobsson, landlæknir. Umræðustjóri: Gunnar Alexander Ólafsson.*

Lýðheilsufræðingar og annað fagfólk telur að skattlagningin á sykur sem var afnumin árið 2015 hafi ekki verið nógu öflug. Árangursríkara hefði verið að hækka vörugjöld beint á gosdrykki og sælgæti ef ætlunin er að draga úr sykurneyslu landsmanna.

16:00–16:50 — NORRÆNA TJALDIÐ

## ALÞJÓÐLEG UPPLAUSN OG AUKIÐ NORRÆNT SAMSTARF

PALLBORÐSUMRÆÐUR

NORÐURLÖND Í FÓKUS

*Philip Flores, blaðamaður á danska vefmiðlinum Zetland, Bengt Lindroth, fyrrum fréttaritari sænska ríkisútvarpsins á Norðurlöndum og Katrín Jakobsdóttir, fyrrv. samstarfsráðherra Norðurlanda og varamaður í Norðurlandaráði. Fundarstjóri: Staðfestur síðar.*

Í vor birtist athyglisverð umfjöllun í danska vefritinu Zetland um það að



ýmislegt benti til þess að alþjóðleg upplausn undanfarinna missera hefði valdið því að ráðamenn á Norðurlöndum séu að íhuga nánara samstarf á ýmsum sviðum, meðal annars landamæravörslu. Blaðamaðurinn Philip Flores er höfundur þessarar samantektar og hann segir frá niðurstöðum sínum og ræðir við þátttakendur í pallborði. ATH. Dagskráin fer fram á skandinavísku.

16:00–16:20 — STJÓRNMÁLABÚÐIR  
**SAMTAL VIÐ  
 STJÓRNMÁLAMANN**

**SAMTAL**

**STJÓRNMÁLAFLOKKAR**

*Samtal blaðamanns við stjórnámamann*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

16:30–16:50 — STJÓRNMÁLABÚÐIR  
**BETRA PENINGAKERFI**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**

**HÚMANISTAFLOKKURINN**

*Fulltrúar frá samtökunum Betra peningakerfi. Fundarstjóri: Júlíus Valdimarsson.*

Húmanistaflokkurinn ræðir möguleikana á betra peningakerfi, hvernig nýtt og betra kerfi gæti gagnast þjóðinni. Af hverju hentar núverandi peningakerfi ekki, hverjir eru gallar þess og hverjar eru lausnirnar?

16:30–17:20 — UMRÆÐUTJALD 2  
**ER Í LAGI AÐ SEGJA HVAÐ SEM  
 ER Á NETINU? EKKERT HATUR  
 – ORÐUM FYLGIR ÁBYRGÐ**

**ÞÁTTTAKA GESTA**

**HEIMILI OG SKÓLI - SAFT**

*Guðný Rós Jónsdóttir, Amalía Sif Jessen og Erika Bjarkadóttir frá Ungmennaráði SAFT stjórna viðburði.*

Ungmennaráð SAFT stendur fyrir stuttri kynningu um Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð – verkefnið og laufléttum leik þar sem þátttakendur taka afstöðu til hatursfullra ummæla á Netinu.

17:00–17:50 — ALTO  
**HVAÐ ER DÍALEKTÍSK  
 EFNISHYGGJA?**

**UMRÆÐUR**

**DIAMAT**

*Vésteinn Valgarðsson, formaður DÍA Mats. Fundarstjóri: Hjalti Rúnar Ómarsson, formaður Vantrúar.*

Stutt kynning á díalektískri efnishyggju, frjálslegar og kítískar umræður vítt og breitt um efnið. Hvaðan koma hugmyndir mannsins? Hver eru hreyfiöfl sögunnar? Hver er munurinn á hænueggi og steinvölu? Hvað þýdir eiginlega að „megind breytist í eiginð“ og hvað varðar okkur um það í dag hvað Hegel, Feuerbach eda Marx skrifuðu um heimspeki fyrir hundrað og eitthvað árum síðan?

17:00–18:00 — UMRÆÐUTJALD 1  
**PUB-QUIZ: HVAÐ VEISTU UM  
VERKALÝÐSHREYFINGUNA?**

**SPURNINGAKEPPNI**

**ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS OG  
STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS**

*Spyrill: Vera Illugadóttir,  
útvarpskona.*

Pub quiz/spurningakeppni með verkalyðslegu ívafi í bland við almennar spurningar. Tveir og tveir saman í liði. Hvaða stjórnálamanni viltu vera með í liði? Vegleg verðlaun í boði fyrir sigurvegara.

17:00–17:40 — KYNNINGARTJALD 1  
**SKOPLÉG HLIÐ Á BETRA  
SAMFÉLAGI – ÖBÍ**

**LISTRÆNN FYRIRLESTUR**

**ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS**

*Ellen Calmon, formaður  
Öryrkjabandalags Íslands og Rán  
Flygenring, teiknari.*

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, kynnir fjölbreytta og viðamikla starfsemi ÖBÍ. Kynningunni verður myndlýst af teiknararum Rán Flygenring. Hún teiknar myndir út frá máli Ellenar og setur fram á fræðandi en um leið skoplegan hátt

17:00–17:40 — KYNNINGARTJALD 3  
**ZUMBA KENNSLA**

**KYNNING**

**AFS Á ÍSLANDI OG ALPÝÐLEG  
UNGMENNASKIPTI (AUS)**

*Dagbjört Lilja Kristjánsdóttir*

17:00–17:50 — SALUR  
**NÝIR TÍMAR Í FJÖLMÍÐLUN**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**

**NORÐURLÖND Í FÓKUS**

*Pórður Snær Júlíusson, ritstjóri  
Kjarnans, Philip Flores, blaðamaður  
á Zetland, og Ingólfur Bjarni  
Sigfússon, framkvæmdastjóri  
nýmiðlasviðs RÚV. Fundarstjóri:  
Staðfestur síðar.*

Tæknivæðing og nýir samskiptahættir hafa leitt til byltingar í fjölmiðlun þar sem gömlu miðlarnir eiga undir högg að sækja á meðan nýir miðlar sækja fram. Við heyrum um tvær athyglisverðar nýlegar tilraunir, Kjarnann á Íslandi og Zetland í Danmörku, en fáum einnig innsýn í hvernig gamall og gróinn fjölmiðill eins og RÚV bregst við þessum breytingum. ATH. Dagskráin fer fram á ensku.

17:30–18:20 — UMRÆÐUTJALD 2

## HÁSKÓLAMENNTUN Í NÚTÍMASAMFÉLAGI

OPINN UMRÆÐUFUNDUR  
SAMSTARFSNEFND HÁSKÓLASTIGSINS

*Rektorar íslenskra háskóla.*

Rektorar íslenskra háskóla ræða  
stöðu háskólamenntunar á Íslandi.

# LAUGARDAGUR 3. SEPTEMBER

10:00–10:50 — SALUR  
FUNDUR FÓLKSINS Á  
NORÐURLÖNDUNUM

PALLBORÐSUMRÆÐUR  
NORÐURLÖND Í FÓKUS

*Zakia Elvang, forstöðukona  
Folkemødet på Bornholm,  
systurhátíðar Fundar fólksins  
í Danmörku, heimsækir  
okkur og segir frá hátíðinni  
á Borgundarhólmi. Ketill  
Berg Magnússon, formaður  
Almannaheilla, segir frá  
framtíðaráformum Fundar fólksins  
á Íslandi en Almannaheill eru  
framkvæmdaaðili hátíðarinnar.  
Fundarstjóri: Mikkel Harder,  
forstjóri Norræna hússins.*

Fundur Fólksins er haldinn að  
norrænni fyrirmynd en samskonar  
hátíðir hafa farið fram talsvert lengi  
á öllum öðrum Norðurlöndum og  
eru fastur liður í sumardagskrá alls  
áhugafólks um stjórnmal.

11:00–12:30 — UMRÆÐUTJALD 1  
HVERNIG EFLUM VIÐ  
LÝÐRÆÐISLEGA MENNTUN –  
MENNTUN Í LÝÐRÆÐI?

PALLBORÐSUMRÆÐUR  
KENNARASAMBAND ÍSLANDS

*Brynhildur Sigurðardóttir,  
skólastjóri Garðaskóla,  
Garðabæ, Fjóla Þorvaldsdóttir,*

*leikskólasérkennari, leikskólanum  
Álfaheiði, Kópavogi, Jenný  
Ingudóttir, varaformaður  
Landssamtaka foreldra – Heimilis  
og skóla, Jóna Guðbjörg  
Torfadóttir, framhaldsskólakennari  
við Menntaskólann við Sund,  
Margrét María Sigurðardóttir,  
Umboðsmaður barna, Ólafur Páll  
Jónsson, prófessor í heimspeki við  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands,  
Vilhjálmur Árnason, prófessor í  
heimspeki við Hugvísindadeild  
Háskóla Íslands. Fundarstjóri:  
Aðalheiður Steingrímisdóttir  
varaformaður Kennarasambands  
Íslands.*

Í lögum og námskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er áhersla lögð á að börn og ungmenni menntist í lýðræði og að menntun og skólastarf einkennist af lýðræðislegum starfsháttum og virðingu fyrir manngildi hvers og eins.

En hvað er lýðræðisleg menntun – menntun í lýðræði? Hvaða skilning á lýðræði eigum við að leggja til grundvallar við útfærslu á þessu hlutverki skólans? Hvað þarf skólinn að gera og hvernig – til að móta lýðræðislega vitund og efla færni nemenda í að takast á við ágreining og margbreytileika tilverunnar?

11:00–11:50 — AALTO

## **SAMTAL UM FJÖLMENN- INGARSAMFÉLAGIÐ ÍSLAND**

**UMRÆÐUR**

**RAUÐI KROSSINN**

*Anna Lára Steindal og Nína  
Helgadóttir*

Hvernig við sem samfélag tölumst á við veruleika fjölbreytileikans. Hver ættu að vera grunnildin í stefnumótun um móttöku innflytjenda og gagnkvæma aðlögun, hvaða gildi finnast okkur mikilvægust, hverra er ábyrgðin? Hvernig getum við hagað umræðunni þannig að hún verði uppbyggileg og sameinandi? Einnig verður komið inn á staðalmyndir, dulda fordóma og hver meginhugtökin eru varðandi gagnkvæma aðlögun.

11:00–11:50 — NORRÆNA TJALDIÐ

## **HVERNIG ERU NORÐURLANDABÚAR EIGINLEGA?**

**UMRÆÐUR**

**NORÐURLÖND Í FÓKUS**

*Fulltrúar norrænu sendiráðanna í  
Reykjavík og Bengt Lindroth, fyrrv.  
fréttaritari sænska ríkisútvarpsins  
á Norðurlöndum. Fundarstjóri:  
Mikkel Harder, forstjóri Norræna  
hússins.*

Fulltrúar norrænu sendiráðanna í Reykjavík komast að hávísindalegri niðurstöðu um hvað er dæmigert danskt/finnskt/norskt/sænskt. Bengt Lindroth leggur mjög fræðilegt mat

á niðurstöðurnar. ATH. Dagskráin fer fram á blandinavísku.

11:30–12:20 — UMRÆÐUTJALD 2

## UM NEYTENDAVERND Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

PALLBORÐSUMRÆÐUR

NEYTENDASAMTÖKIN

*Jónas Guðmundsson, hagfræðingur, Theodóra Þorsteinsdóttir, Bjartri framtíð, Þorsteinn Sæmundsson, Framsóknarflokkki, Smári McCarty, Pírötum, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Samfylkingunni, Sigríður Andersen, Sjálfstæðisflokkki, og Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri grænum. Fundarstjóri: Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.*

Í nokkrum löndum voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að styrkja neytendavernd á fjármálamarkaði í kjölfar fjármálakreppunnar og falls banka árið 2008. Hér á landi voru unnar ítarlegar tillögur um aðgerðir til að efna neytendaverndina. Snertu þær á mörgum þáttum, m.a. fyrirkomulagi, eftirlitsaðgerðum, lagabreytingum og skiptikostnaði. Lítið af þessu hefur komið til framkvæmda. Hvers vegna? Er ekki lengur ástæða til að bæta stöðu neytenda á fjármálamarkaði? Hvaða leiðir á að fara?

12:00–12:50 — SALUR

## MÁLÞING STÚDENTA UM #LÍNFRUMVARPIÐ

PALLBORÐSUMRÆÐUR

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

*Aðilar frá hagsmunasamtökum stúdenta, þingmenn og aðrir hagsmunaaðilar.*

LÍN-frumvarpið er á allra vörum þessa dagana. Landsamtök íslenskra stúdenta vilja ræða það af sanngirni og heiðarleika.

12:00–12:50 — AALTO

## HJÓLREIÐAR — LAUSNIN SEM GLEYMDIST?

LANDSSAMTÖK HJÓLREIÐAMANNA

*Morten lange, stjórnarmaður í Landssamtökum hjólreiðamanna og leynigestur*

Nýjustu samantektir á rannsóknum á vegum OECD, WHO og fleirum sýna að jákvæð samfélagsáhrif eru mun meiri en menn hafa haldið. Ákefð margra ríkja og borga í að beita hjólreiðum sem lausn bendir í sömu átt. Sláandi dæmi lögð fram. Rætt við fundargesti um vegatálma fyrir eflingu hjólreiða og m.a. spurt: hvar þrykkir skórinn á Íslandi?

12:00–12:50 — GRÓÐURHÚS

## STEFNA ALÞÝÐUFYLKINGARINNAR

ALÞÝÐUFYLKINGIN

*Þorvaldur Þorvaldsson og gestir*

Kynning á stefnumálum Alþýð-  
ufylkingarinnar og samtal um  
málefnið.

12:30–13:20 — UMRÆÐUTJALD 2

## SKÖPUM UMHVERFI FYRIR AUKNA VERÐMÆTASKÖPUN OG MEIRI LÍFSGÆÐI Á ÍSLANDI!

PALLBORÐSUMRÆÐUR

X HUGVIT

*Aðstandendur x Hugvits,  
Fundarstjóri: Elínros Líndal.*

x Hugvit er hreyfiafl sem leggur  
fram málefni fyrir næstu alþing-  
iskosningar á Íslandi. Þetta er  
lýðræðislegur vettvangur þar sem  
almennings getur lagt fram verk-  
efni, gefið verkefnum einkunn og  
deilt á meðal vina sinna á samfé-  
lagsmiðlum.

13:00–13:30 — KYNNINGARTJALD 3

## KYNNING Á SAMTÖKUNUM AFS OG AUS

KYNNING

AFS OG AUS

*Dagný Sveinbjörnsdóttir, formaður  
AUS, Guðmundur Gunnarsson,  
framkvæmdastjóri AFS á Íslandi  
og Alma Dóra Ríkharðsdóttir,  
formaður Reykjavíkurdeildar AFS*

13:00–13:50 — NORRÆNA TJALDIÐ

## DAGSKRÁ

DAGSKRÁ

NORRÆNA FÉLAGIÐ

*Lifandi dagskrá.*

Gestir Norræna tjaldsins ræða  
norræn málefni.

13:00–13:50 — SALUR

## VIÐ OG GESTIR OKKAR – ÁVINNINGUR, ÁBYRGÐ OG ÁSKORANIR

PALLBORÐSUMRÆÐUR

RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

*Áshildur Bragadóttir,  
forstöðumaður Höfuðborgarstofu,  
Benóný Ægisson, formaður  
íbúasamtaka miðborgar  
Reykjavíkur, Björg Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri og rithöfundur,  
Guðbrandur Benediktsson,  
safnstjóri Borgarsögusafns  
Reykjavíkur, Þórður Snær  
Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.  
Umræðustjóri: Sigrún Björk  
Jakobsdóttir, hótélstjóri.*

Til umræðu verða þættir eins  
og áhrif ferðamennsku og  
ferðaþjónustu á íslenskt samfélag,  
hvað felst í gestrisni, hver er  
ábyrgð okkar sem gestgjafa og  
hvernig tryggjum við sem besta  
sambúð ferðaþjónustu og íbúa?

13:00–13:50 — BÓKASAFN

## LIFANDI BÓKASAFN

SAMTAL

SAMTÖKIN '78

*Kata og Þórhildur*

Hvað eru Samtökin '78? Hvað  
er að vera hinsegin? Hvað

er að vera trans? Hvað er þetta pankynhneigð? Hvernig starfsemi eru Samtökin '78 með? Jafningjafraeðarar Samtakanna '78 verða á bókasafni Norræna hússins með svokallað Lifandi bókasafn. Það gengur þannig fyrir sig að fólk getur komið og spjallað um Samtökin '78 og þeirra starfsemi og spurt fræðara spjörunum úr. Einstakt tækifæri til að spyrja allra þeirra spurninga sem þú hefur. Engar spurningar eru kjánalegar eða heimskulegar – komið við!

13:00–13:50 — GRÓÐURHÚS  
**METRAR Á MANN**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**  
**VISTBYGGÐARRÁÐ**

*Meðal þátttakenda í umræðum eru: Elín Vignisdóttur, landfræðingur hjá Verkís og formaður Vistbyggðarráðs, Hrólfur Karl Cela, arkitekt hjá Basalt arkitektum, Eva Dís Þórðardóttir skiplagsfræðingur hjá EFLU, Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt, Teiknistofunni Tröð, Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta, og Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, orku- og umhverfisverkfræðingur. Fundarstjóri: Staðfestur síðar.*

Vistbyggðarráð sem vinnur að því að efla vistvæna byggð, draga úr neikvæðum, umhverfisáhrifum hins byggða umhverfis og auka lífsgæði fólks, vill með þátttöku sinni á fundi fólksins ræða hugmyndina um hentugt og vistvænt húsnæði og fá fólk og ráðamenn til að velta fyrir sér

kostum þess að byggja hagkvæmt og nýta rými vel, án þess að slá af kröfum um vandaða hönnun og gott efnisval.

13:00–13:50 — UMRÆÐUTJALD 1  
**SÝNILEIKI LISTA Í FJÖLMIÐLUM**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**

**BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA (BÍL)**

*Fulltrúar fjölmiðlanna og Arnar Eggert Thoroddsen, tónlistarmaður, gagnrýnandi og aðjúnkt við HÍ, Ásgerður Gunnarsdóttir frá Danshöfundafélagi Íslands, Aðalheiður Atladóttir, formaður Arkitektafélags Íslands, Helga Óskarsdóttir, myndlistarkona og ritstjóri Artzine, Fundarstjóri: Jóna Hlíf Halldórsdótti, formaður SÍM.*

Listir og fjölmiðlar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta hvað varðar umfjöllun um listir og menningu. Þó einkennist menningarumfjöllun í íslenskum fjölmiðlum öðru fremur af þörf menningarstofnana og listamanna til að auglýsa list- og menningartengda viðburði, en síður af metnaði fjölmiðlanna til að bjóða upp á faglega umfjöllun um mál tengd listum og menningu almennt. Jafnt innan listageirans og fjölmiðlageirans býr löngun til að auka og dýpka faglega umræðu um listir og menningu. Hvernig geta listamenn og fjölmiðlamenn tekið höndum saman í baráttunni fyrir auknum sýnileika lista í fjölmiðlum?

13:00–13:20 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

SAMTAL

STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við  
stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um  
málefni líðandi stundar.

13:20–13:50 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

SAMTAL

STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við  
stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um  
málefni líðandi stundar.

13:30–14:20 — UMRÆÐUTJALD 2

## HVER ER LÆRDÓMURINN AF HRUNINU FYRIR HEIMILIN?

PALLBORÐSUMRÆÐUR

HAGSMUNASAMTÖK HEIMILANNA

*Sérfræðingar á vegum  
samtakanna. Fundarstjóri Sigurður  
Sigurbjörnsson, varaformaður  
Hagsmunasamtaka heimilanna.*

Í kjölfar efnahagshrunsins misstu þúsundir Íslendinga heimili sín. Í þjóðfélaginu þarf að eiga sér stað umræða um þá erfiðleika og orsakir þeirra. Hagsmunasamtök heimilanna vilja að lærdómur sé

dreginn af þessu fjárhagslega áfalli til hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Samtökin munu því halda ótrauð áfram að berjast gegn verðtryggingu á neytendalánnum og brotalömunum í dómskerfinu á neytendarétti Íslendinga.

14:00–14:40 — KYNNINGARTJALD 3

## MENNINGARLÆSISLEIKUR

KYNNING

AFS OG AUS

*Steinunn Ása Sigurðardóttir*

14:00–14:50 — SALUR

## LIFAFÐ AF LISTINNI

LEIKSÝNING OG SAMTÖL

STEF, SFH, RSÍ, SÍK, MYNDSTEF OG FJÖLÍS

*Gunnar Helgason og Felix Bergsson ásamt fulltrúum mismunandi listgreina, m.a. Sigtryggi Baldurssyni, tónhöfund, flytjanda og framkvæmdastjóra ÚTÓN, Kristni Þórðarsyni, kvikmyndaframleiðanda og formanni SÍK, Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, rithöfund og formanni RSÍ, og Ólofu Nordal myndlistarmanni og dósent við Listaháskóla Íslands. Fundarstjóri: Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs.*

Gunnar og Felix sýna beitta og skemmtilega leikþætti um líf listamannsins. Þeir bregða sér í hlutverk spyrila og spyrja fulltrúa mismunandi listgreina um hvernig þeir lifi af listinni og hver séu þeirra forgangsmál þegar kemur



að höfundarrétti. Þarna gefst öllum sem áhuga hafa á að fá innsýn í líf listamanna og hvernig höfundarrétturinn hefur áhrif á störf þeirra.

14:00–14:50 — AALTO

## EITT SAMEINAD LÍFEYRISKERFI FYRIR ALLA

### DÖGUN

*Benedikt Sigurðarson, Ragnar Þór Ingólfsson og Ásta Dís Guðjónsdóttir. Fundarstjóri: Markús Þórhallsson.*

Eyðum fátæktargildru kerfisins og miðum lífeyri við viðunandi framfærslu. Sjóðsfélagar kjósi í stjórnir lífeyrissjóða.

14:00–14:50 — KYNNINGARTJALD 1

## SPURT OG SVARAÐ MEÐ ANDRA FREY ÚR SJÓNVARPSPÁTTUNUM MEÐ OKKAR AUGUM

### SPURNINGAKEPPNI

## MEÐ OKKAR AUGUM, ÁTAK – FÉLAG FÓLKS MEÐ ÞROSKAHÖMLUN OG LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

*Stjórnámálamenn. Fundarstjóri: Steinunn Ása úr sjónvarpsspáttunum Með okkar augum.*

Andri Freyr úr sjónvarpsspáttunum Með okkar augum spyr forsvarsfólk stjórnmalaflokkanna spjörunum úr eins og honum einum er lagið. Einnig verður vakin athygli á mikilvægi þess að flokkarnir tileinki

sér að hafa allt útgefið efni eins og stefnuskrár sínar á auðlesnu máli.

14:00–14:50 — KYNNINGARTJALD 2

## MANNÚÐIN OG STJÓRN MÁLIN

### UMRÆÐUR

### JÁKVÆÐAR HUGSANIR

*Þórunn Egilsdóttir Þingmaður, Óttarr Proppé Þingmaður. Fundarstjóri: Guðni Karl Harðarson, Jákvæðum hugsunum.*

Samtal og spurningar úr sal.

14:00–14:50 — UMRÆÐUTJALD 1

## DÓMAR MEÐ TILGANG

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

### AFSTAÐA, FÉLAG UM BETRUN

*Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, Brynjar Níelsson, Þingmaður Sjálfstæðisflokksins og Björt Ólafsdóttir, Þingmaður Bjartrar framtíðar.*

*Fundarstjóri: Aðalheiður Ámundadóttir, lögfræðingur og stjórnarmaður í Afstöðu.*

Betrun snýst um að byggja upp einstaklinginn og gera hann hæfan til þess að takast á við lífið og verða virkur samfélagsþegn. Í því felst að fangavistin verður að hafa innihald og fangar verða að koma með eitthvað í farteskinu út í samfélagið að nýju. Og síðan verður að taka við eftirfylgni og stuðningur, þar sem stuðningurinn felst í aðstoð við aðlögun að

samfélaginu auk þess að tryggt sé aðgengi að atvinnu og námi – að ógleymdu þaki yfir höfuðið. Það er betrun!

14:00–14:50 — NORRÆNA TJALDIÐ  
**DAGSKRÁ**

**DAGSKRÁ**  
**NORRÆNA FÉLAGIÐ**

*Sjá dagskrá Norræna tjaldsins*

*Gestir Norræna tjaldsins ræða norræn málefni.*

14:00–14:20 — STJÓRN MÁLABÚÐIR  
**SAMTAL VIÐ**  
**STJÓRN MÁLAMANN**

**SAMTAL**  
**STJÓRN MÁLAFLOKKAR**

*Samtal blaðamanns við stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

14:30–14:50 — STJÓRN MÁLABÚÐIR  
**SAMTAL VIÐ**  
**STJÓRN MÁLAMANN**

**SAMTAL**  
**STJÓRN MÁLAFLOKKAR**

*Samtal blaðamanns við stjórn málamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

14:30-15:20 — UMRÆÐUTJALD 2  
**STEFNUMÓT VIÐ**  
**STJÓRN MÁLIN**

**HRAÐSTEFNUMÓT UNGS FÓLKS VIÐ**  
**UNGA STJÓRN MÁLAMENN**  
**LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA**

*Ungliðahreyfingar stjórn málaflokkanna í samvinnu við LÆF skipuleggja viðburðinn. Þátttakendur eru ungt fólk sem mun koma til með að spjalla við unga frambjóðendur. Fundarstjóri: Sigurður Sigurðsson, formaður LÆF.*

Ungt fólk mætir síður á kjörstað, hefur fáa fulltrúa á þingi, hefur dregist aftur í kaupmáttaraukningu, og á erfitt með að fóta sig á húsnæðismarkaði. Leitast verður við að svara spurningunum „hvers vegna?“ og „hvað er hægt að gera?“ á hraðstefnumóti ungs fólks við unga stjórn málamenn. Vonast er eftir því að umræðufundurinn komi til með að byggja brú á milli ungs fólks og stjórn málamanna sem nýtist til að bæta stöðu ungs fólks.

15:00–15:50 — SALUR  
**BRANDING Í ORKUMÁLUM**

**PALLBORÐSUMRÆÐUR**  
**LARSEN ENERGY BRANDING**

*Andri Snær Magnason rithöfundur og Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri Kviku. Fundarstjóri: Dr. Friðrik Larsen.*

Notkun vörumerkja hefur verið

takmörkuð í tilviki hrávara. Rafmagn er hrávara og orka er ein af grunnstoðum íslensk efnahagslífs. Rætt verður um hvernig má hámarka ábata landsins með því að líta á orku út frá sjónarhóli vörumerkjafræða. Umræðan verður tengd við aðrar virðisaukandi leiðir sem tengjast orkusölu og hvernig þær leiðir tengjast bæði sölu afurða úr landi, náttúruvernd, þjóðgarði og erlendum ferðamönnum sem koma til landsins.

15:00–15:50 — AALTO

## UNGMENNI OG LOFTSLAGSBREYTINGAR. HVERNIG SJÁ UNGMENNI FYRIR SÉR AÐ HÆGT SÉ AÐ STEMMA STIGU VIÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM?

### UMRÆÐUR

#### SÍÐFRÆÐISTOFNUN HÍ Í SAMSTARFI VIÐ UNGMENNI Í REYKJAVÍK

*Ungmennni á aldrinum 12–18 ára.*

Loftslagsbreytingar eru óumdeilanlega eitt stærsta vandamál samtímans. Hvað getum við gert til að draga úr breytingunum og hvað vilja ungmenni að fullorðnir geri í málunum? Það er réttur barna að taka við jörðinni í jafngóðu ástandi eða betra en foreldrar þeirra gerðu. Klukkan 15:45 geta foreldrar og aðrir fullorðnir tekið við skilaboðum frá ungmennunum. Öll ungmenni velkomin!

## 15:00–15:50 — GRÓÐURHÚS FUNDUR FÓLKSINS, ÞRÓUN OG TÆKIFÆRI

### VINNUSTOFA

#### FUNDUR FÓLKSINS

*Almannaheill, Norðurlönd í fókus ásamt fulltrúum sveitarfélaga og skipuleggjenda lýðræðishátíða í Danmörku og Lettlandi.*

Umræður um þróun Fundar fólksins, hvar hátíðin gæti fengið framtíðarheimili og möguleikar hennar á frekari þróun. Farið verður yfir reynslu slíkra hátíða með skipuleggjendum þeirra í Danmörku og Lettlandi.

15:00–15:50 — KYNNINGARTJALD 1

## ERU TÍSKUBYLGJUR Í MANNRÉTTINDAUMRÆÐUNNI?

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

#### GEÐHJÁLP OG LANDSSAMTÖKIN PROSKAHJÁLP

*Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Proskahjálpar og mannréttindalögfræðingur, Aileen Soffía Svendsóttir, formaður Átaks – félags fólks með þroskahömlun, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, mannréttindalögfræðingur, Kári Auðar Svansson, notandi geðheilbrigðisþjónustunnar. Fundarstjóri: Helgi Seljan fréttamaður.*

Eru tiskubylgjur í mannréttindaumræðunni? Eru

málefni fatlaðs fólks úti í dag eða hafa þau kannski aldrei verið inni? Geðhjálp og Proskahjálp fá til sín sérfræðinga á sviði mannréttinda og fatlað fólk til að ræða vægi þessa hóps í mannréttindaumræðunni.

15:00–15:50 — UMRÆÐUTJALD 1

## SAMSPIL LISTA OG FERÐAÞJÓNUSTU

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

#### BÍL

*Karen María Jónsdóttir, upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík og fyrrv. fagstjóri dansbrautar LHÍ, Hannes Pálsson frá Pink Iceland, Kári Viðar frá Frystiklefanum Rífi, Kristinn Vilbergsson, forstjóri Kex Hostel. Fundarstjóri: Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar.*

Ísland verður sífellt vinsælli áfangastaður ferðamanna, enda hefur gríðarlegur kraftur verið settur í markaðssetningu landsins sem ferðamannalands. En hvað er það í raun sem dregur ferðafólk til landsins annað en óspillt og spennandi íslensk náttúra? Kannanir sýna að þar leika saga og menning þjóðarinnar mikilvægt hlutverk. Kveikjan að Íslandsferðinni kemur oftast ekki til af því að fólk sér íslenska kvikmynd, les íslenskar bókmenntir eða dáist að íslenskri tónlist. En hvernig stöndum við okkur í því að sýna erlendum gestum okkar það sem hæst ber í listum og menningu þegar hingað er komið?

15:00–15:50 — NORRÆNA TJALDIÐ

## ER GULLEGGIÐ Í HÆTTU? GETUR NORRÆNT SJÁLFBÆRNIMERKI FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU BJARGAÐ MÁLUNUM?

### PALLBORÐSUMRÆÐUR

#### NORRÆNA FÉLAGIÐ

*Stefán Gíslason umhverfisfræðingur, Elín Hirst alþingismaður og Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri/Elías Bj. Gíslason, forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs Ferðamálastofu. Fundarstjóri: Tryggvi Felixson, aðalráðgjafi á skrifstofu Norðurlandaráðs.*

Þátttakendur í pallborði ræða hvort ferðaðþjónustan, gulleggið, sé í hættu og hvort norrænar leiðir í sjálfbærni geti komið því til bjargar.

15:00–15:20 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

### SAMTAL

#### STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við stjórnmálmann*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

15:30–15:50 — STJÓRN MÁLABÚÐIR

## SAMTAL VIÐ STJÓRN MÁLAMANN

SAMTAL

STJÓRN MÁLAFLOKKAR

*Samtal blaðamanns við  
stjórn málamann*

Opið samtal í 20 mínútur um mál-  
efni líðandi stundar.

16:00–16:30, OG 16:30–17:00 —  
KYNNINGARTJALD 3

## YOGAKENNSLA HJÁ DAGNÝ YOGADÍS

YOGA

DAGNÝ YOGADÍS

16:00–17:20 — SALUR

## SAMFÉLAG ÁN LISTA?

PALLBORÐSUMRÆÐUR

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

*Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor  
LHÍ, Kristín Valsdóttir, deildarforseti  
listkennsludeildar LHÍ, Tinna  
Gunnarsdóttir, prófessor í  
vöruhönnun við LHÍ, Vigdís  
Jakobsdóttir stjórnandi Listahátíðar  
í Reykjavík, Stefán Jónsson,  
prófessor í sviðslistum við LHÍ,  
Guðni Tómasson, listsagnfræðingur  
og blaðamaður á Fréttatímanum,  
Ingi Rafn Sigurðsson, stofnandi  
Karolina Fund, Jóna Hlíf  
Halldórsdóttir, formaður SÍM,  
Ragnheiður H. Magnúsdóttir,  
varaformaður hugverkaráðs SI,  
og margir fleiri. Fundarstjóri: Ólöf*

*Gerður Sigfúsdóttir, gæðastjóri LHÍ.*

Á þessu málþingi ætlum við að tala  
um listirnar sem auðlind, velta fyrir  
okkur fjármögnun listanna og horfa  
til framtíðar. Hvernig væri samfélag  
án lista?

16:00–16:50 — AALTO

## FEMÍNISMI 101

PALLBORÐSUMRÆÐUR

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

*Hanna Björg Vilhjálmsdóttir,  
kennari við Borgarholtsskóla,  
Steinunn Ólína Hafliðadóttir  
nýstúdent og Þórður Kristinsson,  
kennari við Kvennaskólann  
í Reykjavík, spjalla saman.  
Fundarstýra: Harpa Rut  
Hilmarsdóttir.*

Kynjafræði hefur nú verið tekin  
til kennslu í rúmlega helmingi  
framhaldsskóla á landinu, en fáir  
hafa þó gert hana að skyldufagi.  
Kemur kynjafræðikennsla  
nú tímanemendum að gagni?  
Eigum við að taka upp  
kynjafræðikennslu á yngri  
skólastigum?

16:00–16:30 — KYNNINGARTJALD 1

## OKKAR LÍF OG SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

KYNNING

SENDIHERRAR SAMNINGS  
SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI  
FATLAÐS FÓLKS

Sendiherrar samnings Sameinuðu  
þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

verða með kynningu á Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og setja samninginn í samhengi við eigið líf.

16:00-16:50 — UMRÆÐUTJALD 1  
**UPPBYGGING  
VERFERÐARSAMFÉLAGSINS  
(E. BUILDING THE SOCIETY OF  
WELLBEING)  
PALLBORÐSUMRÆÐUR  
JARÐVÍSINDAEILD HÍ**

*Framhaldsnemendur í AdaptEconII verkefninu. Jóhanna Gísladóttir, Eduard Nedelciu, Nathalie Spittler og Maartje Oosdijk. Fundarstjóri: Kristín Vala Ragnarsdóttir.*

Umræður um samfélagasuppbýggingu sem vinnur að því að ná þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna 2030. ATH. Fundurinn fer fram á ensku.

16:00–16:20 — STJÓRNMÁLABÚÐIR  
**SAMTAL VIÐ  
STJÓRNMÁLAMANN**  
**SAMTAL  
STJÓRNMÁLAFLOKKAR**

*Samtal blaðamanns við stjórnámamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

16:30–16:50 — STJÓRNMÁLABÚÐIR  
**SAMTAL VIÐ  
STJÓRNMÁLAMANN**

**SAMTAL  
STJÓRNMÁLAFLOKKAR**

*Samtal blaðamanns við stjórnámamann.*

Opið samtal í 20 mínútur um málefni líðandi stundar.

16:30-17:20 — UMRÆÐUTJALD 2  
**HUNDUR Í ÓSKILUM –  
VERKALÝÐSKABARETT**

**LEIKRIT, TÓNLEIKAR, GRÍN  
ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS OG  
STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS**

*Hundur í óskilum.*

Þann 12. mars 2016 hélt Alþýðusamband Íslands (ASÍ) upp á 100 ára afmæli sitt. Tvíeykið Hundur í óskilum setti af því tilefni saman verkalýðskabarett þar sem stiklað var á skemmtilegan hátt á atburðum í sögu verkalýðs-hreyfingarinnar. Viðburðurinn tekur um 40 mínútur.

17:00–17:50 — STJÓRNMÁLABÚÐIR  
**MITT ÍSLAND. HVERNIG VILT  
ÞÚ AÐ ÍSLAND LÍTI ÚT ÁRIÐ  
2026?**

**HRADSTEFNUMÓT (E. SPEED-DATE) MEÐ  
PÍRÖTUM  
XP – PÍRATAR**

*Frambjóðendur Pírata, grasrót og gestir og gangandi.*

Píratar bjóða gestum og gangandi á hraðstefnumót þar sem rædd verða tiltekin málefni og gestum gefst færi á að segja hvernig sitt drauma-Ísland ætti að líta út. Hvað er gott í samfélaginu í dag og hvað má betur fara? Niðurstöðurnar verða innblástur fyrir grasrót og þingmenn í áframhaldandi vinnu sinni í að bæta íslenskt samfélag. Látum ímyndunaraflið leika lausum hala og verum óhrædd við að tjá okkur.

18:00–19:30 — SALUR

## HVERNIG HÁLENDISÞJÓÐGARÐ VILJUM VIÐ STOFNA?

PALLBORÐSUMRÆÐUR OG TÓNLIST

### RÖDD NÁTTÚRUNNAR

*Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, nýdoktor í umhverfisheimspeki hjá Heimspekistofnun HÍ og aðjunkt við Listaháskóla Íslands, Steinar Kaldal, verkefnisstjóri hálandisverkefnis Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands, og Edda Ruth Hlín Waage, doktor í landfræði og lektor við Háskóla Íslands. Fundarstjóri: Andri Snær Magnason, rithöfundur.*

Þjóðgarðar á Íslandi sem og annars staðar í heiminum eru til í mismunandi útfærslum og því geta hugmyndir um tilvist þeirra, náttúruverndar- og nýtingargildi verið ólíkar. Hvernig Hálandisþjóðgarð Íslands viljum við stofna þannig að sem flestir geti verið sáttir og um leið stoltir af stofnun hans fyrir núverandi jafnt

sem komandikynslóðir?

Að umræðum loknum mun Ómar Ragnarsson flytja nokkur lög af væntanlegum geisladiski þar sem náttúran leikur stærsta hlutverkið.

# Kynningartjald 1

kl. 11:00-18:00 báða dagana

## ADHD-SAMTÖKIN

ADHD-samtökin kynna starfsemi sína.

## ÁTAK – FÉLAG FÓLKS MEÐ ÞROSKAHÖMLUN

Átak – félag fólks með þroskahömlun verður með viðburði og Stoltgönguna 2016.

## EINHVERFUSAMTÖKIN

Einhverfusamtökin kynna starfsemi sína.

## GEÐHJÁLP

Geðhjálp kynnr starfsemi sína.

## LIST ÁN LANDAMÆRA

List án landamæra stendur fyrir viðburðum þar sem listamenn fremja list. Stakir viðburðir kynntir á Facebooksíðunni List án landamæra.

## LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

Landssamtökin Þroskahjálþ kynna starfsemi sína.

## MEÐ OKKAR AUGUM

Með okkar augum verða með sínum augum.

## SENDIHERRAR SAMNINGS SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

## SJÓNARHÓLL – RÁÐGJAFAMIÐSTÖÐ SES

Sjónarhóll – ráðgjafamiðstöð ses. kynnr starfsemi sína.

## ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

Öryrkjabandalag Íslands kynnr starfsemi sína á myndrænan máta.

# Kynningartjald 2

kl. 11:00-18:00 báða dagana

## BARNAHEILL – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI

## FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG JUNIOR CHAMBER INTERNATIONAL (JCI)

Kynning á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og gestir hvattir til þess að velja sér markmið og hugsa um hvernig það getur tekið þátt í að uppfylla þau. Hægt verður að skrifa markmiðin á spjald og taka mynd fyrir samfélagsmiðla.

## HJARTAVERND

Þann 29. september ár hvert er haldinn Alþjóðlegur hjartadagur víða um heim. Í tilefni af honum verður haldið Hjartadagshlaup 25. september kl. 10 á Kópavogsvelli og Hjartadagsganga 29. september kl. 17:30 frá gömlu rafstöðinni í Elliðarárdal.

## JÁKVÆÐAR HUGSANIR

Jákvæðar hugsanir kynna Facebook-hóp sinn og málefni.

## LANDVERND



## SAMTÖK KVENNA AF ERLENDUM UPPRUNA

Samtök kvenna af erlendum upp-  
runa kynna starfsemi sína á laugar-  
deginum.

## SAMTÖK SYKURSJÚKRA

Samtök sykursjúkra kynna  
starfsemi sína.

## SIÐMENNT

Siðmennt kynnir starfsemi sína.

## NEYTENDASAMTÖKIN

Neytendasamtökin kynna starfsemi  
sína.

## LANDSSAMTÖK HJÓLREIÐAMANNA

# Kynningartjald 3

kl. 11:00-18:00 báða dagana  
Kaffihús verður í kynningartjaldi 3

**Alþjóðleg ungmennaskipti**

**AFS**

**Grái herinn**

**Stjórnarskrárfélagið**

# Stjórnmalabúðir

kl. 11:00-18:00 báða dagana

**Fundur Fólksins**

**XA – Björt framtíð**

**XB – Framsóknarflokkurinn**

**XC – Viðreisn**

**XD – Sjálfstæðisflokkurinn**

**XE – Íslenska þjóðfylkingin**

**XF – Flokkur fólksins**

**XH – Húmanistaflokkurinn**

**XP – Píratar**

**XR – Alþýðufylkingin**

**XS – Samfylkingin**

**XT – Dögun**

**XV – Vinstrihreyfingin - grænt framboð**

## Aðstandendur Fundar Fólksins

Framkvæmdaaðili



Samstarfsaðilar



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Norræna húsið  
The Nordic House

# VERTU MEÐ OG SEGÐU ÞÍNA SKOÐUN!

2.–3. SEPTEMBER Í NORRÆNA HÚSINU

## ALLIR VELKOMNIR!

ÓKEYPIS AÐGANGUR



FUNDURFOLKSINS.IS

